

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 330/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1407 frá 16. ágúst 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31basse (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1407**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1407 frá 16. ágúst 2022 (Stjtið. ESB L 215, 18.8. 2022, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1407, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 215, 18.8.2022, bls. 27.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING